

Nd.

933. Breytingartillaga

við frumv. til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Frá Sveini Björnssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Þær bæjarstjórnir og hreppsnefndir, sem, með heimild í lögum þessum, jafna niður og ráðstafa dýrtíðargjaldi, eiga rjett á að fá greiddan úr landssjóði $\frac{1}{3}$ hluta af upphæð þeirri, er notuð hefir verið til dýrtíðarráðstafana, þó aldrei hærri fjárhæð á einu ári en sem svari 3 krónum á hvern íbúa bæjarfjeldagsins eða hreppsfjeldagsins.